

um styrk til vatnsveitna.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir sveitarfélögum fjárhagslega aðstoð til að koma upp vatnsveitum, sem gerðar eru samkvæmt fyrirætlum þessara laga.

2. gr.

Nú vill sveitarfélag koma upp vatnsveitu og fá til þess fjárhagslega aðstoð úr ríkissjóði, og skal sveitarstjórn þá, að loknum undirbúningi eins og fyrir er mælt í 28. gr. l. nr. 15 20. júní 1923, leita samþykkis ráðherra til framkvæmdanna. Jafnframt skal senda ráðherra frumdrætti af hinum fyrirhuguðu mannvirkjum. Leyfi ráðherra má binda þeim skilyrðum um framkvæmd verksins, sem nauðsynleg þykja til að tryggja almenningshagsmuni.

3. gr.

Þegar ráðherra hefur veitt samþykki til vatnsveitugerðar, getur sveitarstjórn hafið framkvæmdir, sem skulu gerðar undir yfirumsjón vegamálastjóra eða annars manns, sem ráðherra samþykkir.

4. gr.

Fái vatnsveita, sem ráðherra hefur samþykkt samkvæmt 3. gr., eigi nægilegar tekjur af vatnsskatti og eigi þykir gerlegt að hækka hann svo, að tekjur hrökkvi fyrir útgjöldum, þar með talið vextir og afborganir af stofnkostnaði, skal ríkissjóður veita viðkomandi sveitarfélagi lán, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, til þess að greiða allt að helmingi af stofnkostnaði við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir. Má veita lánið vaxtalaust og afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en eftir þann tíma skal það endurgreitt á 20 áruni með jöfnum afborgunum og 4% ársvöxtum.

5. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs gegn tryggingum, er hún metur gildar, nauðsynleg lán, er sveitarstjórn kann að taka til að koma upp vatnsveitu samkv. 2. og 3. gr. þessara laga. Má ábyrgðin og lán samkvæmt 4. gr. þó aldrei fara sameiginlega yfir 85% af stofnkostnaði allrar veitunnar.

6. gr.

Þau sveitarfélög, sem þegar hafa hafizt handa um að koma upp vatnsveitu eða hafa eignazt hana eftir 1942 og megna ekki fjárhagslega að standa undir stofnkostnaði, geta einnig notið sams konar fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr. þessara laga, enda uppfylli þau fyriræli laganna, eftir því sem við á.

7. gr.

Nú óskar sveitarfélag að kaupa vatnsveitu einstaklinga eða félaga, sem fyrir kann að vera á veitusvæði þess, og vill fá til þess fjárhagsaðstoð ríkissjóðs. Skal sveitarstjórnin þá senda ráðherra um það beiðni, ásamt frumdráttum að mannvirkjum. Beiðninni fylgi einnig upplýsingar um samningsverð eða matsverð dómkvaddra manna. Samþykki ráðherra kaupin, nýtur sveitarfélagið sama réttar til fjárhagslegrar aðstoðar og fyrir er mælt í 4. og 5. gr., enda uppfylli það fyriræli laganna, eftir því sem við á.

Náist ekki samkomulag við eigendur um sölu veitunnar, er heimilt að taka hana eignarnámi.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna skal sveitarstjórn heimilt, ef vatn er eigi selt eftir mæli, að heimta vatnsskatt af öllum húseignum á veitusvæðinu. Vatnsskatt skal miða við fasteignamatsverð húseigna, og einnig má ákveða lágmark vatnsskattsins af hverju íbúðarhúsi, sem aðstöðu hefur til að nota vatnsveituna.

Sérstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur atvinnufyrirtæki og aðra, er nota vatn til annars en heimilisþarfa, svo og þá, er hafa vatnshana utan húss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu kaupsins eða kaupstaðarins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna, er ákveða skal og í gjaldskrá.

Húseigandi ábyrgist vatnsskatt, en heimilt er honum að hækka leigu sem skatti eða skattaukningu svarar, þótt hún hafi áður verið ákveðin.

Vatnsskatt skal ákveða í reglugerð. Vatnsskatt má taka lögtaki. Í reglugerð má ákveða, að hann skuli tryggður með lögveðsrétti í eigninni næstu 2 ár eftir gjald-daga með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og fellur jafnframt úr gildi 22. gr. laga nr. 15 20. júní 1923 og lög nr. 129 9. des. 1941.